



Reykjanesbær 30.nóvember 2022

Keflavík, Íþróttá- og Ungmennafélag  
Sunnubraut 34  
230 Reykjanesbær

### Umhverfis og skipulagssvið Reykjanesbæjar

Efni: Umferðin við Fimleikaakademíuna og Nettóhöllina

Keflavík fyrir hönd Knattspyrnu- og Fimleikadeildar félagsins óskar eftir því við Umhverfis og skipulagsráð Reykjanesbæjar að fara í úrbætur vað varðar stýringu á umferð við Nettóhöllina og Fimleikaakademíuna. Þar sem hugað er fyrst og fremst að öryggi iðkenda. Slysahætta er töluverð þarna, sérstaklega í skammdeginu. Það er ósk okkar að skoða verði hvort hægt sé að skipuleggja þetta svæði betur og stýra umferðinni í annan farveg með öryggi barnanna hugs. Það eru nokkur hundruð iðkenda sem eiga leið þarna um á hverjum degi, stórir sem smáir.

Hér að neðan eru punktar frá deildunum sem þau hafa áhyggjur af og vilja koma á framfæri.


Knattspyrnudeild:

- Höfum áhyggjur af umferðarþunga seinnipart dags, kl.16 sérstaklega og kl.17. Þá eru yngstu iðkendur að klára og þeir sóttir í langflestum tilvikum af aðila á bíl. Börnin eru með skólatöskur og tilheyrandi eins og kom fram á fundi okkar.
- Gera þarf úrbætur og bæta lýsingu á planinu fyrir framan Nettóhöllina nú þegar daginn styttir.
- Bæta þarf umferðarmerkingar varðandi einstefnu og kynna betur fyrir aðilum sem eiga leið þarna á bíl.
- Það væri mjög gott ef hægt væri að fá lögregluna til samstarfs að vera sýnilegri reglulega á þessum tíma þannig að fólk fari eftir reglum t.d. leggi í bílastæðin, í stað þess að stoppa hér og þar í akstursleiðinni og krakkarnir að hlaupa inn í bílaná á götunni.
- Börnin eru nú þegar að skjótast á milli bíla, yfir götuna með fullar hendur af töskum og yfirhöfnum og gá oftar en ekki að sér. Sér í lagi þessi yngstu sem rétt ná upp fyrir húddið sum hver.
- Umferðin er oft þung í kringum höllina á þessum tíma þar sem líka er verið að sækja í íþróttakademíuna.
- Huga betur að hálkvörnum á bílastæðinu og fyrir aftan höll við nýja gervigrasið þegar hálka er til að minnka slysahætta. Margir iðkendur sem fóta sig um á takkaskóm.

Spurning hvort við þurfum hreinlega að fara í smá herferð varðandi umferðaröryggi á planinu við höllina. Það þarf auðvitað ekki nema 2 ökumenn til að stífla allt og valda þessu veseni.



Reykjanesbær 30.nóvember 2022






Reykjanesbær 30.nóvember 2022

Fimleikadeild:

- Stjórn hefur áhyggjur af öryggi iðkenda á bílastæðinu þar sem börn eru oft að hlaupa á milli bíla til að komast inn og út og lítið pláss milli bíla vegna stærðar á bílastæðinu.
- Bílastæðið er hannað þannig að umferðin fer í hálfan hring en svo er hægt að leggja virðist vera í allar áttir og þá skapast mikill troðningur milli bíla. Það þarf klárlega að endurskipuleggja þetta bílastæði og skoða hvort þurfi að stækka það.
- Mikil aukning á bílaumferð hefur orðið vegna unglingsadeilda Myllubakkaskóla og einnig má ekki gleyma að það var meira en fimleikar í Akademíunni, það var verið að stunda golf á tímabili þarna líka.
- Skoða endurbætur á lýsingu á öllu svæðinu og huga að öryggi barnanna.
- Huga þarf að börnum sem koma úr strætó frá Nettó og ganga yfir hjá Akademíunni og hlaupa yfir veginn til að komast inn á bílaplan hjá knattspyrnuhöllinni. Það er göngustígur frá strætó sem liggar að Akademíunni og skoða þarf tenginu við höllina.
- Mikilvægt að hafa svæðið allt frá strætó, göngustíg, Akademíuplan og götuna á milli að höllinni og planið þar allt í takt því þetta heildarsvæði er mikið notað og mörg ung börn að koma úr einkabílum og einnig strætó og þetta þarf að vera vel upplýst og vel skipulagt svæði

  
Einar Haraldsson  
J.h. KEFLAVÍK   
Kf 590794-2019